

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 1996

10. janúar 1996

3

Nr. 3

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 504, 20. september 1995,
um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

6. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á Öræfagrunni og Skeiðarárdjúpi á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°34'00 N - 16°46'00 V | 6. 63°21'00 N - 16°36'00 V |
| 2. 63°34'00 N - 16°20'00 V | 7. 63°19'60 N - 16°46'00 V |
| 3. 63°27'00 N - 15°55'00 V | 8. 63°19'60 N - 16°55'00 V |
| 4. 63°24'00 N - 16°10'00 V | 9. 63°27'40 N - 16°55'00 V |
| 5. 63°23'00 N - 16°37'50 V | 10. 63°31'00 N - 16°45'00 V |

2. gr.

11. tl. 1. gr. falli niður.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 12. janúar 1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

9. janúar 1996

Nr. 4

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum út af Snæfellsnesi.

1. gr.

Frá og með 12. janúar 1996 til og með 15. mars 1996 eru allar línuveiðar bannaðar út af Snæfellsnesi á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|--|---|
| 1. Öndverðarnesviti, 64°53'10 N - 24°02'70 V | 4. 64°43'70 N - 24°00'00 V |
| 2. 64°51'00 N - 24°09'00 V | 5. Malarrifsviti, 64°43'70 N - 23°48'20 V |
| 3. 64°48'00 N - 24°09'00 V | |

Að austan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. janúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum og beingreiðslur 1996-2000.

1. gr.

Beingreiðslumark og greiðslumark lögbýla.

Frá og með 1. janúar 1996 verður beingreiðslumark sauðfjárafurða 1.480 millj. kr. á almanaksári og skiptist hlutfallslega eins milli lögbýla og heildargreiðslumark sauðfjár verðlagsárið 1995/1996.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark lögbýla til framleiðslu sauðfjárafurða í ærgildum og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beingreiðslna, að teknu tilliti til aðilaskipta, úthlutana og geymds greiðslumarks.

2. gr.

Tilkynningar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum eigi síðar en 1. febrúar 1996 um greiðslumark lögbýlisins árið 1996 og síðan 15. september ár hvert um greiðslumark næsta almanaksárs. Skriflegar athugasemdir skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir almanaksárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki skriflegar athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu ákvörðunar, gildir hún fyrir hlutaðeigandi almanaksár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki niðurstöðu Framleiðsluráðs, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar, sem starfar samkvæmt 42. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

3. gr.

Búskaparhlé.

Lögbýli heldur greiðslumarki sínu óskertu þótt réttur til beingreiðslu falli niður vegna búskaparhlés án þess að samið sé um búskaparlok og greiddar bætur fyrir.